

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Mosfellsbæjar.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Mosfellsbæ sem tengdar eru vatnsveitu Mosfellsbæjar, skal greiða vatnsgjald árlega til Mosfellsbæjar, nema sérstaklega sé um annað samið.

Almennt vatnsgjald skal vera 0,070% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjalddagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og bæjarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarféluginu.

2. gr.

Heimæðagjöld.

Gjald vegna heimæðagjalda skal vera sem hér segir:

32 mm rör	195.113 kr.	án vsk.
40 mm rör	259.891 kr.	án vsk.
50 mm rör	373.976 kr.	án vsk.
63 mm rör	715.442 kr.	án vsk.
75 mm rör	1.023.569 kr.	án vsk.
90 mm rör	1.271.891 kr.	án vsk.
110 mm rör	1.416.350 kr.	án vsk.
140 mm rör	1.588.470 kr.	án vsk.
180 mm rör	1.907.055 kr.	án vsk.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Vatnsveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er undir 20 metrum gildir ofangreind verðskrá.

Fyrir hvern metra umfram 20 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum við-komandi málstærðar.

Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna vatnsúðaheimæða er kr. 3.786.669 fyrir hverja heimæðarlögn.

Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 104.592 án vsk.

3. gr.

Mælagjöld.

Gjald vegna rennslismæla skal vera sem hér segir:

Stærð mælis	Kr./dag	
15 mm	35,44	án vsk.
20 mm	38,95	án vsk.
25 mm	50,32	án vsk.
32 mm	55,60	án vsk.
40 mm	70,62	án vsk.
50 mm	82,93	án vsk.
80 mm	223,39	án vsk.
100 mm	227,98	án vsk.

4. gr.

Grafstrargjöld.

Gjald er lagt á vegna ídráttarröra, fleygunar og sprenginga. Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar og er gjaldið kr./lengdarmetra 9.334 án vsk.

Nr. 1522

15. desember 2020

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu þá bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

Klaki/klöpp	dýpt sm	kr./lengdarmetra/án vsk
klaki/klöpp	< 30	3.514
klaki/klöpp	> 30	7.091

5. gr.

Aukavatnsgjald.

Aukavatnsgjald til stórnötenda er 44,83 kr./m³ án vsk.

6. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimaeðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda og lóðarréttarhafa og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin eru tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum má taka fjárnámi.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 773. fundi þann 9. desember 2020, er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitir og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitir sveitarfélaga, og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1291/2019.

Mosfellsbæ, 15. desember 2020.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2021